

Danmörk samkvæmt 20. grein, 2. málsgrein, umfram þriggja ára tímann eftir flutning samkvæmt 3. málsgrein greinarinnar svo lengi sem lífeyrisþeginn hefur ekki náð almennum lífeyrisaldri í búsetulandinu.“

Staflíður c) nefnist héreftir staflíður b).

2. grein

Samningur þessi gengur í gildi mánuði eftir að ríkisstjórnir annarra norrænna landa hafa skriflega lýst yfir samþykki sínu við samninginn við danska utanríkisráðuneytið, sem tilkynnir sendiráðum hinna norrænu landanna í Kaupmannahöfn um það. Samningurinn gildir frá 1. október 1984.

3. grein

Samningurinn er gerður á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku. Allir textarnir eru jafngildir.

Að því tilskildu, að ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar geti samþykkt ofangreindan samning, leyfir utanríkisráðuneytið sér að leggja til, að þessi orðsending og staðfest svör sendiráða Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar á finnsku, íslensku, norsku og sænsku eftir því sem við á skuli fela í sér samning milli ríkisstjórnanna á Norðurlöndum.“

Sem svar við framangreindu leyfir sendiráðið sér að tilkynna, að ríkisstjórn Íslands fellst á tillöguna í ofangreindri orðsendingu og staðfestir að orðsending utanríkisráðuneytisins og þetta svar skuli fela í sér samning milli beggja ríkisstjórnanna.

Kaupmannahöfn, hinn 31. ágúst 1984.

AUGLÝSING

um samkomulag við Frakkland um menningar- og vísindasamvinnu.

Hinn 16. október 1984 öðlaðist gildi samkomulag um menningar- og vísindasamvinnu milli Íslands og Frakklands sem undirritað var í París 12. apríl 1983.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

um menningar- og vísindasamvinnu milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Franska lýðveldisins

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Franska lýðveldisins

sem vilja auðvelda og efla samskipti og samvinnu milli Íslands og Frakklands á sviðum kennslu, menningar, lista og vísinda og treysta þannig vináttubönd milli ríkjanna tveggja

hafa komið sér saman um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Samningsaðilar hafa nána samvinnu um að efla þekkingu hvor á annars tungu og menningu í landi sínu.

Peir hyggjast einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samvinna í vísindum megi eflast.

2. gr.

Til þess að skapa skilyrði fyrir þá samvinnu sem kveðið er á um í fyrri málsgrein fyrstu greinar samkomulags þessa leitar hvor samningsaðili um sig heppilegustu leiða til að efla og bæta kennslu í tungumáli og menningu hins aðilans í samráði við hann í skólum sínum og háskólum.

Báðir samningsaðilar gera sér ljóst mikilvægi menntunar og þjálfunar kennara sem annast skulu fræðslu þessa og skipuleggja fyrir þá framhaldsnámskeið í málvísindum og uppeldisfræði.

Hvor samningsaðili um sig hlynnir einnig að fræðslu í tungumáli, bókmenntum og menningu hins landsins utan skóla þ. á m. í útvarpi og sjónvarpi.

3. gr.

Hvor samningsaðili um sig auðveldar svo sem framast er unnt að komið sé á fót og starfræktar á landssvæði hans menningar- og vísindastofnanir til að auka þekkingu á tungu, menningu og vísindaiðkun hins ríkisins. Hann veitir þessum stofnunum alla þá fyrirgreiðslu sem gildandi lög og reglugerðir heimila.

ACCORD

de coopération culturelle et scientifique entre le Gouvernement de la République d'Islande et le Gouvernement de la République Française

Le Gouvernement de la République d'Islande et le Gouvernement de la République Française,

Désireux de faciliter et de développer les échanges et la coopération entre l'Islande et la France dans les domaines de l'enseignement, de la culture, de l'art et de la science, et de resserrer ainsi les liens d'amitié entre les deux Etats,

Sont convenus des dispositions suivantes:

ARTICLE I

Les Parties contractantes coopèrent étroitement au développement de la connaissance, dans l'un et l'autre Etat, de leurs langues et de leurs cultures respectives.

Elles sont également résolues à mettre en oeuvre les moyens nécessaires pour assurer le développement d'une coopération scientifique.

ARTICLE II

Afin de permettre la coopération définie à l'article 1er, alinéa 1, du présent Accord, chacune des Parties contractantes recherche les méthodes les plus propres à développer et à améliorer l'enseignement de la langue et de la civilisation de l'autre Partie, en accord avec celle-ci, dans ses propres établissements scolaires et universitaires.

Les deux Parties reconnaissent l'importance de la formation des professeurs chargés de cet enseignement, et organisent à leur intention des stages de perfectionnement linguistique ou pédagogique.

Chacune des Parties contractantes favorise également l'enseignement de la langue, de la littérature et de la civilisation de l'autre pays par les moyens extrascolaires, y compris les émissions radiophoniques et télévisées.

ARTICLE III

Chacune des Parties contractantes facilite, dans toute la mesure des possibilités, l'installation et le fonctionnement sur son territoire d'institutions culturelles et scientifiques, afin de promouvoir la connaissance de la langue, de la culture et des activités scientifiques de l'autre Etat. Elle octroie à ces institutions toutes facilités dans le cadre des lois et règlements en vigueur.

4. gr.

Samningsaðilar skipuleggja skiptiheimsóknir kennara, forgöngumanna á sviði menningar og lista, vísinda- og fræðimanna.

Með slíkum heimsóknum er unnt að stofna til beinna kynna, efla gagnkvæm upplýsingaskipti og taka upp samstarf á sviðum sem samkomulag næst um.

5. gr.

Hvor samningsaðila um sig veitir náms- eða rannsóknastyrki á sameiginlegum áhugasviðum til kennara eða vísinda- og fræðimanna frá öðru hvoru ríkinu sem hug hafa á að halda áfram námi, stunda rannsóknir eða efla menntun sína og móttöku í hinu landinu.

Í þessu skyni auðvelda samningsaðilar styrkþegum aðgang að námi og rannsóknum sem þá fýsir að stunda og einnig að námskeiðum sem þeir hafa hug á að sækja.

6. gr.

Samningsaðilar örva samskipti á sviðum íþróttar, alþýðlegrar menningar og tómstunda.

7. gr.

Samningsaðilar hvetja til þess að skipulagðir séu í báðum ríkjunum hljótleikar, sýningar, leiksýningar, kvikmyndasýningar og hverskyns aðrir listviðburðir sem miða að gagnkvæmri kynningu á menningu landanna.

Hvor samningsaðili um sig leitast við að auðvelda útbreiðslu menningargagna hins ríkisins í landi sínu innan þeirra marka sem gildandi reglur setja.

8. gr.

Hvor ríkisstjórn um sig auðveldar samvinnu og skipti á sviðum útvarps, sjónvarps og kvikmynda.

9. gr.

Samningsaðilar stuðla að samböndum milli sérhæfðra stofnana og skiptum á sérfræðingum og rannsóknamönnum sem þeim tengjast í því skyni að efla samvinnu á sviðum gagnkvæmra hagsmuna.

ARTICLE IV

Les Parties contractantes organisent des échanges de missions de professeurs, de personnalités du monde culturel et artistique, de savants et de chercheurs.

Ces missions permettent l'établissement de contacts directs, l'amélioration de l'information réciproque et, dans certains domaines à déterminer d'un commun accord, l'instauration d'une coopération.

ARTICLE V

Chacune des Parties contractantes accorde des allocations d'études ou de recherche dans des domaines d'intérêt mutuel à des enseignants ou des chercheurs d'un des deux Etats, désireux de poursuivre des études, d'effectuer des recherches ou de parfaire leur formation dans l'autre pays.

A cet effet, les Parties contractantes facilitent l'accès des bénéficiaires aux études et recherches qu'ils souhaitent poursuivre ainsi qu'aux stages qu'ils désirent effectuer.

ARTICLE VI

Les Parties contractantes encouragent le développement des échanges dans les domaines du sport, de l'éducation populaire et des loisirs.

ARTICLE VII

Les Parties contractantes encouragent l'organisation, dans l'un et l'autre Etat, de concerts, d'expositions, de représentations théâtrales, de projections cinématographiques et de toutes autres manifestations de caractère artistique destinées à mieux faire connaître leurs cultures respectives.

Chacune des Parties contractantes s'efforce de faciliter la diffusion, sur son propre territoire, du matériel culturel de l'autre Etat, dans le cadre de la réglementation en vigueur.

ARTICLE VIII

Chacun des Gouvernements facilite la coopération et les échanges dans les domaines de la radio, de la télévision et du cinéma.

ARTICLE IX

Afin de développer la coopération dans les domaines d'intérêt mutuel, les Parties contractantes favorisent les relations entre les institutions spécialisées et les échanges d'experts et de chercheurs qui en relèvent.

10. gr.

Hvor ríkisstjórn um sig leggur sig fram um að greiða fyrir ríkisborgurum hins landsins sem taka þátt í hinni ýmsu starfsemi er leiðir af samkomulagi þessu og fjölskyldum þeirra svo sem samrýmanlegt er landslögum að því er tekur til innkomu í landið, ferðalaga, skatta og búsetu.

11. gr.

Fulltrúar ríkisstjórnanna tveggja koma saman þegar báðir aðilar telja slíkt nauðsynlegt til að fjalla um árangur sem náðst hefur, verkefni í framkvæmd og framtíðaráætlanir.

Fundir þessir eru haldnir til skiptis í Reykjavík og París.

12. gr.

Hvor samningsaðili um sig tilkynnir hinum þegar fullnægt hefur verið þeim stjórnskipulegu kröfum sem gerðar eru til þess að samkomulag þetta geti öðlast gildi. Það tekur gildi síðari tilkynningardaginn.

13. gr.

Gildistími samkomulags þessa er ekki takmarkaður. Hvor samningsaðili um sig getur hvenær sem er sagt því upp skriflega eftir stjórnvaldsleiðum. Uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynning hefur borist hinum aðilanum.

Samkomulag þetta er gert á íslensku og frönsku. Báðir textar eru jafngildir.

Gert í París hinn 12. apríl 1983.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands

Ólafur Jóhannesson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Franska lýðveldisins

C. Cheysson

ARTICLE X

Chacun des Gouvernements s'efforce d'accorder aux ressortissants de l'autre pays qui concourent aux diverses activités découlant du présent Accord, ainsi qu'à leurs familles, un traitement favorable compatible avec sa législation en matière d'entrée dans le territoire, de déplacement, de fiscalité et de résidence.

ARTICLE XI

Des représentants des deux Gouvernements se réuniront, chaque fois que les deux Parties le jugeront nécessaire, pour étudier les résultats obtenus, les projets en cours et le programme des actions à entreprendre.

Ces réunions se tiendront alternativement à Reykjavik et à Paris.

ARTICLE XII

Chacune des Parties contractantes notifie à l'autre l'accomplissement des procédures requises par sa Constitution pour l'entrée en vigueur du présent Accord. Celui-ci prend effet à la date de la dernière de ces notifications.

ARTICLE XIII

Le présent Accord est en vigueur sans limitation de durée.

Chaque Partie peut, à tout moment, le dénoncer par la voie diplomatique et par écrit. La dénonciation prend effet six mois après la réception de la notification par l'autre Partie.

Fait à Paris, le 12 avril 1983 en deux versions, islandaise et française, les deux textes faisant également foi.

Pour le Gouvernement de la République d'Islande

Ólafur Jóhannesson
Ministre des Affaires étrangères

Pour le Gouvernement
de la République Française
Claude Cheysson
Ministre des Relations extérieures